

# Áfallaáætlun leikskólans

## Víðivalla

### Fyrstu viðbrögð við slysi eða áfalli.

#### Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða bráðra veikinda á barni í leikskóla.

- Hringt í 112
- Foreldrum tilkynnt um slysið/veikindin
- Ef foreldrar hafa tök á að fara með barninu í skjúrkabílinn gera þau það. Annars fer deildarstjóri eða staðgengill hans.
- Taka með allar perónulegar upplýsingar um barnið.
- Leikskólastjóri aflar sér upplýsinga um slysið/veikindin og gefur lögregluskýrslu ef við á.
- Leikskólastjóri boðar viðbragðsteymi saman til að ræða næstu skref og skipta með sér verkum.
- Ef barnið er úrskurðað látið hefur leikskólastjóri samráð við prest og viðbragðsteymi Fræðslu- og frístundasviðs.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri (eða staðgengill hans) sem gefur upplýsingar um málið.

#### Fyrstu viðbrögð vegna alvarlegs slyss eða veikinda starfsmanns leikskólans.

- Leikskólastjóri aflar sér upplýsinga um málið.
- Viðbragðsteymi leikskólans er kallað saman og ákveður hvernig farið er með málið innan leikskólans.
- Leikskólastjóri lætur fræðslustjóra vita um slysið/veikindin
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri sem gefur upplýsingar um málið.

#### Fyrstu viðbrögð vegna andláts starfsmanns leikskólans.

- Leikskólastjóri aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Leikskólastjóri tilkynnir fræðslustjóra um andlátið
- Viðbragðsteymi leikskólans kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.
- Ef fjölmiðlar sækjast eftir upplýsingum er það eingöngu fræðslustjóri sem gefur upplýsingar um málið.

#### Fyrstu viðbrögð vegna andláts maka eða barns starfsmanna leikskólans.

- Leikskólastjóri aflar sér upplýsinga um andlátið.
- Viðbragðsteymi skólans kallað saman og tekur ákvörðun um frekari vinnslu málsins.

## 1) Viðbragðsteymi – Litli hópur.

Viðbragðsteymi skal vinna samkvæmt áfallaáætlun leikskólans. Í viðbragðsteymi sitja eftirfarandi aðilar: leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri ásamt deildarstjóra þeirrar deildar er málið varðar hverju sinni.

Hlutverk viðbragðsteymis.

Viðbragðsteymi heldur funi einu sinni á önn en kemur alltaf saman þegar ástæða er til.

Viðbragðsteymi skal ræða áföll sem upp koma og taka ákvörðun um hvort eða til hvaða aðgerða skal gripið. Ef alvarlegt slys eða áfall á sér stað í sumarleyfi getur verið nauðsynlegt að kalla samráðsteymið saman a.m.k. vera með samráð og fara yfir stöðu mála. Teymið skal halda fundargerðir þar sem skráð eru þau mál sem rædd eru og ákvarðanir tengdar því.

Viðbragðsteymið sér um að starfsfólk þekki viðbragðsáætlun skólans. og huga að viðbrögðum

## 2) Áfallaáætlun Víðivalla

Taka þarf tillit til aðstæðna hverju sinni þegar ákvarðanir eru teknar um það hvernig bregðast eigi við áfalli eða slysi.

### 2.1 Áföll sem starfsmenn skólans gætu mögulega þurft að takast á við:

- Alvarlegt slys
- Alvarleg veikindi
- Langvinnir sjúkdómar
- Andlát
- Ofbeldi
- Kynferðisbrot

### Einnig hittist viðbragðsteymið þegar um er að ræða:

- Grunur um vanrækslu
- Grunur um eineldi
- Grunur um óviðunandi aðbúnað á heimili barna.

### 2.2 Börnin:

#### Langvarandi og/eða alvarleg veikindi

Börnum og starfsfólki viðkomandi deildar er greint frá aðstæðum. Ef um mjög alvarleg veikindi er að ræða er rætt við börnin á deildinni í litlum hópum.

Viðbragðsteymið og deildarstjóri meta hvort deildin þurfi stuðning á viðkæmum tímum og þá hversu mikinn.

#### Alvarlegt slys á barni

Slasist barn alvarlega á meðan það dvelur í leikskólanum skal hafa samband við neyðarlínuna – 112. Deildarstjóri, leikskólastjóri eða aðstoðarleikskólastjóri hafa samband við foreldra barnsins og í kjölfarið tekur einhver í viðbragðsteyminu að sér að ræða við starfsfólk og börn sem tengjast málinu. Ef viðbragðsteymið metur það svo, skal senda bréf heim til þeirra barna sem eru á deildinni og segja frá því sem þeirra börn urðu jafnvel vitni að.

Ávallt er sent bréf til allra foreldra ef kalla þarf til sjúkrabíl í leikskólann. Í því bréfi er lauslega farið yfir eðli hvers máls fyrir sig.

### **Sjúkrabíll kallaður til.**

Þegar ástæða þykir að hringja í sjúkrabíl eru stjórnendur kallaðir til eða næsti yfirmaður á staðnum. Sá sem er í samskiptum við neyðarlínuna þarf að vera nokkuð vel inn í aðstæðum.

Í upphafi hvers samtals á að láta vita hvaðan er hringt

Hver á í hlut. Barn – fullorðinn

Hvað gerðist

Meðvitundarstig hins slasaða/veika

Láta vita ef það er grunur um brot, hjartaáfall, flog, blæðingar og þess háttar.

## Starfsmenn neyðarlínunnar leiða fólk yfirvegað í gegnum samtalið.

Einhver tekur að sér að taka á móti sjúkrabílnum, oft sá sami og hringir í neyðarlínuna og leiðir til hins slasaða.

### **Slys sem verða utan skólatíma.**

- Viðbragðsteymi hittist, metur aðstæður og tekur ákvörðun um það hvernig eigi að bregðast við.
- Starfsfólk tilkynnt um slysið og jafnframt metið hvort börnin á viðkomandi deild sé sagt frá slysinu.

### **Andlát barns.**

- Leikskólastjóra eða staðgengill hans sér um að fá upplýsingar um atburðinn staðfestan og hefur samband við heimilið.
- Viðbragðsteymið er kallað saman, skiptir með sér verkum og ákveður fyrstu viðbrögð skólans.
- Bera skal allar aðgerðir leikskólans undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og hafa þá með í ráðum frá upphafi.
- Leikskólastjóri tilkynnir andlátið til starfsmanna skólans sem fyrst. Ef fólk er ekki á svæðinu þarf að gæta þess að hringt sé í alla.
- Leikskólastjóri, deildarstjóri og sóknarprestur tilkynna andlátið strax á viðkomandi deild. Hlúð er að börnum og starfsfólki deildarinnar eins og kostur er. Ef þörf þykir er kallað eftir viðbragðsteymi frá Fræðslu- og frístundaþjónustu Hafnarfjarðar.
- Bréf send heim til allra foreldra deildarinnar / skólans.
- Fáninn dreginn í hálfra söng þegar búið er að tilkynna öllum sem málið varðar.
- Kveikt á kerti á kaffistofunni.

### **Hvernig er best að klára daginn á viðkomandi deild.**

- Deildarstjóri er til staðar á deildinni þar til allir eru farnir heim.
- Börnum er gefið tækifæri til að ræða um atburðinn.
- Sóknarprestur, skólastjórnendur eða skólasálfræðingur aðstoða ef þörf er á.
- Í lok dags skal viðbragðsteymið funda ásamt deildarstjóra og viðbragðsteymi Fræðslu- og frístundasviðs Hafnarfjarðar og fara yfir stöðuna og áætlanir um áframhaldandi viðbrögð.

### **Vinna næstu daga á deildinni.**

- Eigur barnins teknað saman.
- Fulltrúi frá leikskóla fer heim til foreldra barnsins með eigur þess og votta samhug.
- Börnunum gefinn góður tími til að ræða atburðinn og hvað gerist í framhaldinu eins og jarðarför eða annað slíkt. Gott er að vera búin að ráðfæra sig við sálfræðing eða prest hvernig best sé að ræða svona mál við börnin.

### **2.3 Aðstandendur.**

#### **Alvarleg veikindi eða slys aðstandenda barna**

- Skólastjórnendur eða deildarstjóri fá staðfestingu á veikindum/slysi hjá forráðamanni barns.
- Upplýsingum komið til starfsmanna deildarinnar og þeirra er málið varðar sem fyrst.
- Viðbragðsteymi fundar ásamt deildarstjóra viðkomandi deildar og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig staðið skuli að málum.
- Deildarstjóri undirbýr deildina undir það að gefa barninu aukinn gaum til að búa sig undir að jafnvel eigi barnið eftir að vinna úr aðstæðum.

#### **Andlát foreldra eða systkina barna.**

- Leikskólastjóri aflar staðfesta upplýsinga um atburðinn og tilkynnir deildarstjóra barnsins.
- Viðbragðsteymi kallað saman ákveðin eru fyrstu viðbrögð starfsfólks leikskólans.
- Deildarstjóri ásamt starfsfólki deildarinnar sér um að upplýsa börnin á deildinni.

### **2.4. Starfsfólk leikskólans**

#### **Alvarleg veikindi eða slys starfsmanna leikskólans.**

Viðbragðsteymi ákveður í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig tilkynna skuli atvikið.

#### **Andlát starfsmanns skólans.**

- Leikskólastjóri leitar eftir upplýsingum um andlátíð.
- Viðbragðsteymi kallað saman og ákveður næstu skref.
- Viðbragðsteymið upplýsir starfsfólk um andlátíð og gætir þess að þeir sem eru fjarverandi fái einnig upplýsingarnar.
- Samverustund með starfsfólki skólans ásamt presti og jafnvel viðbragðsteymi Fræðslu- og frístundapjónustu eins fljótt og hægt er.
- *Gæta þarf þess að nán skyldmenni hins látna, sem vinna eða eru nemendur við leikskólann fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.*
- Viðbragðsteymið ákveður hvernig tilkynna eigi börnunum um andlátíð og hvernig upplýsingum skuli komið til forráðamanna barnanna.
- Viðbragðsteymið veitir deildinni stuðning og vinnur með henni næstu daga.
- Leikskólastjóri og nánustu starfsmenn fara heim til nánustu aðstandenda starfsmans og votta hluttekningu.
- Leikskólastjóri ásamt nánustu samstarfsfélögum, jafnvel allir starfsmenn, eru viðstaddir jarðarförina.
- Leikskólinn sendir samúðarkveðjur

#### **Andlát maka starfsmans.**

- Leikskólastjóri leitar staðfesta upplýsinga um andlátíð
- Viðbragðsteymi upplýsir allt starfsfólk leikskólans, um andlátíð, einnig þá sem eru fjarverandi.

- Gæta þess að náin skyldmenni hins látna fái fregnina sérstaklega, ekki yfir hópinn.
- Leikskólastjóri ásamt samstarfsfélaga fer heim til starfsmanns.
- Leikskólastjóri og eða náinn samstarfsfélagi eru viðstaddir útförina.
- Leikskólastjórinn sendir samúðarkveðjur.